



6. fundur stjórnar Aftureldingar 21. september 2010

Fundur settur kl. 17:30

Mætt: Jón Pálsson, Helga Jóhannesdóttir, Ásmundur Pálsson, Guðjón Helgason og Anna Sigríður Guðnadóttir. Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

- 1) Uppskeruhátíð
- 2) Afreksráð Aftureldingar
- 3) Önnur mál

1) Uppskeruhátíð.

Enn hafa ekki allar deildir skilað inn tilnefningum þannig að aðalstjórn getur ekki valið íþróttamenn félagsins, kvk og kk, á þessum fundi. Ákveðið að funda aftur miðvikudaginn 6. október kl 17:15. Eftir að aðalstjórn ákvað að halda uppskeruhátíð þann 9. október kom upp sú staða að HSÍ úthlutaði handboltamóti á Varmá þá helgi. Þannig er nauðsynlegt að færa uppskeruhátíðina um viku til laugardagsins 16. október. Ákveðið að framkvæmdastjóri leiti til deilda um umsjón kaffiveitinga á hátíðinni og tilnefningar í undirbúningsnefnd uppskeruhátíðar. Framkvæmdastjóri sendir út boðsbréf til heiðursfélaga, íþrótt- og tómsbundanefndar og bæjarstjórnar.

2) Afreksráð Aftureldingar.

Afreksráð hefur skilað inn til aðalstjórnar greinargerð um starfsemi ráðsins. Ákveðið að halda einn fund með afreksráði og fara yfir greinargerðina sem síðan verður tekin fyrir á formannafundi sem áætlaður er 13. október. Aðalstjórn ákvað að tilnefna Ásmund sem fulltrúa aðalstjórnar í afreksráð.

3) Önnur mál

Handknattleiksdeild. Tekinn var til umræðu samningur, dagsettur 30. maí 2010, sem meistaraflokksráð karla í handknattleik hafði gert við fyrirtækið Namó. Samningur þessi var fyrst kynntur aðalstjórn Aftureldingar í dag, 21. september 2010. Samningurinn var ekki gerður í samræmi við lög Aftureldingar sem allar deildir félagsins eru skuldbundnar til að starfa eftir. Þar af leiðir að umræddur samningur er ógildur.

Aðalstjórn mun beita sér fyrir því að handknattleiksdeild beri ekki skarðan hlut frá borði hvað varðar innihald samningsins.

Fjáraflanir. Fjallað var um fjáraflanir sem aðalstjórn úthlutar. Sú ákvörðun tekin að í byrjun hvers árs sendi aðalstjórn út lista yfir helstu fjáraflanir sem deildir geta sótt um að hafa umsjón með.

Siðareglur. Drög að siðareglum voru kynnt á formannafundi 16. september. Drögin hafa verið send til allra deilda. Eins og fram kom á nefndum fundi var óskað eftir athugasemdum og/eða ábendingum frá deildum. Framkvæmdastjóri mun senda út áminningu og setja skilafrest um mánaðamótin sept/okt.

Fundargerðir. Tekin upp umræða frá formannafundi um mikilvægi fundargerða og skil þeirra til framkvæmdastjóra. Málið verður tekið fyrir á formannafundi í október.

Æfingatímar drengja og stúlkna. Umræða varð um fréttáflutning af ójafnri úthlutun æfingatíma milli drengja og stúlkna í knattspyrnu og mismunandi menntunarkröfur til þjálfara . Ákveðið að framkvæmdastjóri sendi erindi til allra deilda og óski upplýsinga um skiptingu æfingatíma og menntun þjálfara og unnin verði greinargerð upp úr þeim upplýsingum.

Jafnréttisstefna. Afturelding hefur ekki sett sér jafnréttisstefnu. Aðalstjórn ákvað að hefja vinnu við gerð jafnréttisstefnu í haust.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn miðvikudaginn 6. október kl. 17:15.

Fundi slitið kl. 19:00

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari stjórnar